

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 191/2022

2022/EES/66/27

frá 10. júní 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2019/883 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 56i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB):

„**32019 L 0883**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB (Stjttíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 56l (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB):

„– **32019 L 0883**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 (Stjttíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/883, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2019 frá 8. maí 2019 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.